



Í hringiðu hugsana, tilfinninga og geðsjúkdóms

BÆKUR

Aprílsólarkuldi (Eitthvað alveg sérstakt)
★★★★★
Elísabet Jökulsdóttir

Útgefandi: JPV
Fjöldi síðna: 143 bls

Titill nýjustu skáldsögu Elísabetar Jökulsdóttur, Aprílsólarkuldi, er nýyrði sem þó virðist alltaf hafa verið til. Veðurfarslegt ástand sem við þekkjum öll og getum væntanlega framkallað minningar af slíku veðri samstundis. Og það lýsir þessari bók líka vel: nýstárleg en samt svo kunnugleg.

Sagan fjallar um Védísi, unga einstæða móður, sem missir föður sinn, verður ástfangin og missir geðheilsuna – allt hvert á eftir öðru. Við fylgjum Védísi eftir þar sem andlát föður hennar kemur af stað atburðarás sem hún hefur enga stjórn á. Eins og komið hefur fram í viðtölum við höfundinn á saga Védísar sér fyrirmynd í lífi Elísabetar sjálfrar og þekktum persónum bregður fyrir frá liðnum tíma, en sagan gerist í kringum 1978.

Tíminn í sögunni er ekki alveg taktfastur, heldur flæðir fram og til baka um nokkra mánuði. Við kynnumst Védísi í upphafi þar sem hún hefur fengið fregnirnar um andlát föður síns en allt til endaloka reynir hún að bæla niður tilfinningar sínar gagnvart sorginni og óvissunni sem tekur yfir við missinn. Þegar líða tekur á bókina tekur síðan geðveikin yfir. Við fáum innsýn í manískar hugsanir Védísar á sterkan hátt og fáum ekki nokkurn frið fyrir þeim né fjarlægð. Þannig verður hugarástandið alltumlykjandi og ógerlegt verður að slíta sig frá textanum.

Á svipaðan hátt verður ástin í sambandi Védísar og Kjartans afar magnþrungen, falleg í fyrstu en fljótt yfirþyrmandi og eitruð og mörkin milli ástarinnar og geðsjúkdómsins verða óljós þar til að við rönkum við okkur mitt í hringiðu sjúklegs hugarástands. Sorgin vegna föðurmissisins húmir yfir og hnippir í okkur við og við.

Myndmálið í Vetrarsólarkulda snertir við mann á þess að vera væmið, dregur fram hliðstæður náttúru og borgarlandslagsins, innra sálarlífs og umhverfisins. Elísabet hefur einstakt lag á að segja frá erfidum aðstæðum og persónum á hispurslausan og einlægan hátt. Persónurnar í sögunni eru allar manneskjulegar og Elísabet fjallar um þær af væntumþykju, þrátt fyrir að Védísi, aðalpersónunni, líði ekki endilega þannig í aðstæðunum sjálfum. Og það er þessi fjarlægð tímans sem gefur sögunni þann þroska sem hún býr yfir og gott ef ekki er hægt að læra ýmislegt af henni líka. **Guðrún Baldvinsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Ljóðræn og manneskjuleg saga sem lætur lítið yfir sér í fyrstu en býr yfir mögnuðum galdri.

Sjóndeildarhringur í i8

Í i8 Gallery eru nú til sýnis 44 listaverk eftir 33 listamenn. Um er að ræða bæði ný verk og eldri. Opið er 12-17 miðvikudag – laugardags. Meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ásgerður Búadóttir, Birgir Andræsson, Eggert Pétursson, Karin Sander, Kristján Guðmundsson, Margrét Blöndal, Ólafur Elíasson, Ragna Róbertsdóttir, Ragnar Kjartansson og Sigurður Guðmundsson. Það er því sönn listaveisla í Tryggvagötunni. Sýningin stendur til 23. desember. – kb



Fjöldi verka er á sýningu í i8 en henni lýkur á Þorláksmessu.

Aðventa Sunday Seven

Aðventukvöld Sunday Seven hópsins verður í kvöld, laugardagskvöldið 12. desember, og hefst kl. 20.00. Sent er út frá Berlin, Hannover, Helsinki, Reykjavík og úr skógum Svíþjóðar. Gjörningadagskránni verður streymt á viðburðasiðu Hópsins á Facebook og á artzine.is. Fram koma: Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Darri Lorenzen, Ingibjörg Magnadóttir, Magnús Logi Kristinsson, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Snorri Ásmundsson, Styrmir Örn Guðmundsson + DJ Malykh.



Snorri Ásmundsson myndlistarmaður verður á aðventukvöldi.

GÖMLU GÓÐU

UPPSKRIFTIRNAR

Edda Björgvins og Viðar frændi hennar hafa tekið saman uppáhalds-uppskriftir Lillu. Mætti bjóða þér að bragða brúnsúpu með svöluhreiðrum, hvítkálsböggla, gerfihéra, rúllusteik eða kartöflumarsípan?

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is